

Byggingarlýsing og brunavarnir

Húsið skráist sem einn matshluti 03 og við það falla út eldri matshlutar, 05, 06 og 07.

Starfsemi:
 Um er að ræða skrifstofu og þjónustuhús fyrir starfsemi fyrirtækisins.

Byggingarlýsing fyrir 0101
 Bygging 0101 er úr stöðluðum einangruðum gámaeiningum. Burðarvirki eru stálrammar sem festir eru niður á steinsteypa sökkla. Útveggir eru einangraðir 120 mm steinull í timburgrind. Gólfð er einangrað fyrir í gámaeiningunni með 200 mm glerull, og klætt að innan með 22mm spónaplötum. Þak er einangrað fyrir í gámaeiningunni með 200 mm glerull. Ofan á gámaeininguna er þakið byggt upp úr timbri, sem risþak með 10°. Þaksperrur eru klæddar með 25x150mm borðaklæðningu og pappa sem er soðin saman á samskeytum, þar fyrir ofan bárujárn. Gluggar og hurðir eru viðhaldslitlu efni, áli eða stálkjarna klæddum pvc.

Byggingarlýsing fyrir 0103:
 Bygging 0103 er hefðbundið timburhús, með timburgólf. Húsið situr á steiptum sökklum. Útveggir eru úr timburgrind einangraðir með 100 mm ull og gífsklæddir að innan og klæddir að utan með 12 mm krossvið og þar utan á stálklæðningu. Gólf er einangrað með 200 mm ull milli gólfbita og klætt innan með gólfborðum. Þak með 14° halla, byggt upp úr timbri, þaksperrur eru klæddar borðviði, þakpappa og stálklæðningu. 200 mm steinullareinangrun upp á milli sperra og klæddar að innan með 13mm gífsklæðningu. Innan við einangrun í útveggjum, þökum og gólfum kemur rakavörn og utan við einangrun vindvörn. Gluggar eru viðargluggar með tvöföldu verksmiðjugleri (K-gler). Hurðir eru harðviðarhurðir.

Byggingarlýsing fyrir 0102 og 0104:
 Byggingar 0102 og 0104 eru úr stöðluðum gámaeiningum og á það jafnt við um núverandi byggingu frá 2007 og nýbyggingar í matshlutunum. Burðarvirki eru stálrammar sem festir eru niður á steinsteypa sökkla. Útveggir eru einangraðir 120 mm steinull í timburgrind. Gólfð er einangrað með 150mm glerull og klætt að innan með 22mm spónaplötum og að neðan með stálklæðningu. Þak er lágreist sperruþak klætt með 25x150mm borðaklæðningu og pappa sem er soðin saman á samskeytum, þar fyrir ofan bárujárn. Þakhalli 1:40. Þakið er einangrað með 200 mm ull, þannig að inn á milli sperra kemur 100mm þakull og í gámaeiningunni er 100mm glerull. Innan við einangrun í útveggjum, þökum og gólfum er rakavörmin stálklæðning gámaeiningar og utan við einangrun kemur vindvörn. Gluggar og hurðir eru viðhaldslitlu efni, áli eða stálkjarna klæddum pvc.

Allmennt:
 Allar klæðningar á veggjum og loftum eru í flokki II eða betra. Útveggir eru klæddir utan með liggjandi bárujárnklæðningu. Léttrir veggir innan gámaeininga og í timburhúsi, eru gífsveggir.

Öll lokuð rými eru loftræst.
 Gólfniðurföll eru við handlaugar og ræstivaska.

Kólnunartölur:
 Útveggir 0,40 W/m² °C
 Þak 0,20 W/m² °C
 Gólf 0,30 W/m² °C

Brunavarnir:
 Handslökkvitæki og reykskynjari verða staðsett í húsinu í samráði við eldvarnartílit.






- Brunavarnatákn:**
- ←--- Merktur útgangur
 - Flóttaleið
 - Bjúgunarop

B	Matshlutanaðir	JMK	21.07.2015
A	Verkefning	JMK	15.07.2015
Öst	Breytingar	Höfundur	Dags

Verkefning

Berghella 1, Hafnarfirði

Strendingur ehf. Verkefnaþjónusta Fjarbergsgata 9-15 - 220 Hafnarfjörður Sími 565 5640	Aðaltekning - Skrifstofu og þjónustuhús	
	Snið, afstaða og skýringar	
Dags	15.07.2015	Teknið / Mannaföt
Höfundur	Magnús Kristjánsson kt.060862-5689	JW/JMK
Bláskorti	1:100.1:500	Númer tekið
Bláskorti	002	Bláskorti



ATH:
 Þessi teikning tekur við af eldri teikningu frá Strendingi nr.101 frá mars 2007.
 Hönnuður Ásmundur Sigvaldason